



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	01.06.2017
Málalýkill	09.22
Mál nr.	1706017

Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 29. maí 2017
Tilvísun: 633 0101

Efni: Fyrirspurn um lóð fyrir nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu

Velferðarráðuneytið hefur falið Barnaverndarstofu að hefja undirbúning að stofnun nýs meðferðarheimilis fyrir unglinga á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur unnið frumathugun og þarfagreiningu í samvinnu við Barnaverndarstofu. Niðurstaða þarfagreiningar er að þörf sé á um 1.000 m² húsnæði fyrir meðferðarheimilið.

Auglýst var eftir húsnæði fyrir meðferðarheimili Barnaverndarstofu í september 2016. Þrjú tilboð bárust en þau uppfylltu ekki þarfir og kröfur sem settar voru fram í þarfagreiningu og húslýsingu. Nú er stefnt að því að ríkið byggji húsið.

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, FJR, og velferðarráðuneytið, VEL, leitar nú að lóð fyrir meðferðarheimilið á höfuðborgarsvæðinu. Vegna þess er erindi þetta sent til sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins með fyrirspurn þar að lútandi.

Byggingin, starfsfólk

Meðferðarheimilið skiptist annars vegar í meðferðarhluta og hins vegar í þjónustuhluta:

- Meðferðarhlutinn skal rúma aðstöðu fyrir sex einstaklinga í tveimur aðskildum einingum (alls um 460 m²) og öryggis- og móttökurými fyrir tvo einstaklinga (um 110 m²).
- Þjónustuhlutinn skal rúma sameiginleg rými, fjölskylduíbúð, skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og önnur stoðrými (um 430 m²).

Húsnæðið getur verið í aðskildum tengdum byggingum - í öryggishluta skulu vera tvö baðherbergi hvort um sig með sturtu og salerni. Þar skulu vaskar og salernisskálar vera úr stáli.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn verði um það bil tuttugu og fimm talsins og hluti þeirra verði á vöktum.

Miðað er við að húsnæðið sem boðið er sé fullbúið, af góðum gæðum, en án sérstaks íburðar. Auknar kröfur eru m.a. gerðar til brunavarna, öryggis og hljóðvistar í meðferðarhluta.



Staðsetning

Gerð er krafa um góða staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu, gott aðgengi og næg bílastæði. Lóð stofnunarinnar skal búin þannig að hún henti til leikja og afþreyingar skjólstæðinga.

Skilyrði er að meðferðarheimilið sé staðsett á svæði sem heimilar starfsemi sem fyrirhuguð er í húsinu.

Nauðsynlegt er að meðferðarheimilið verði í jaðri byggðar eða á svæði þar sem gott rými yrði í kringum það. Góð tenging með almenningssamgöngum er nauðsynleg og nálægð við grunn- og framhaldsskóla.

Starfsemi, forsendur, lýsing

Stofnuninni er ætlað að sinna meðferð unglinga á aldrinum 12-17 ára sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Að jafnaði er gert ráð fyrir 6-9 mánaða dvalartíma og 4-5 mánaða eftirfylgd. Að jafnaði mun stofnunin veita um 12-15 unglingum og fjölskyldum þeirra meðferð á hverjum tíma, þar af 6-7 unglingum sem eru vistaðir á stofnuninni. Gert er ráð fyrir mikilli þátttöku forsjáðila í meðferðinni, aðgengi að fjölbreyttri sérfræðipjónustu og aðlögun unglinganna að sínu nærumhverfi.

Barnaverndarstofa skilaði í júlí 2011 og febrúar 2015 inn greinargerðum til velferðarráðuneytis með greiningu á þörfum í þróun meðferðarkerfis stofunnar. Í samræmi við þá greiningu er gert ráð fyrir að hægt sé að afplána óskilorðsbundna fangelsisdóma á meðferðarheimilinu, sbr. reglugerð um afplánun sakhæfra barna, nr. 533/2015.

Aðstaða verður í afmörkuðum hluta meðferðarheimilisins til að bregðast við ofbeldishættu eða annarri og mikilli umönnunarpörf sem getur verið til staðar í upphafi vistunar og/eða skapast í alvarlegum bakslögum vegna vímuefnaneyslu, sjálfsskaða o.s.frv.

Slík vistun í afmörkuðum hluta heimilisins mun lúta ákveðnum reglum og skal ekki vera í refsingarskyni. Öryggismörk vistana í hinum afmarkaða hluta skulu ákveðin í samræmi við hagsmuni barns hverju sinni en almennt skal miða við að vistunin hafi ekki í för með sér innilokun og hafi ekki neikvæð áhrif á önnur réttindi barns, s.s. útivist, umgengni, skólasókn eða vinnu.

Gert er ráð fyrir að starfsemin taki mið af tegund gagnreyndrar meðferðar og verklags sem þróað hefur verið á Norðurlöndum undir heitinu „MultifunC“ og hefur Barnaverndarstofa fengið formlegt leyfi til að innleiða þær aðferðir á meðferðarstofnun með viðeigandi aðlögun að aðstæðum og þörfum hér á landi.

Fyrirspurn um lóð

Eins og fram kemur í 4. mgr. þessa bréfs leitar FSR nú að lóð fyrir meðferðarheimilið f.h. FJR og VEL. Skilyrði er að meðferðarheimilið sé staðsett á svæði sem heimilar starfsemi sem fyrirhuguð er í húsinu. Nauðsynlegt er að staðsetningin sé í jaðri byggðar eða á svæði þar sem gott rými yrði í kringum meðferðarheimilið. Góð tenging með almenningssamgöngum er nauðsynleg og nálægð við grunn- og framhaldsskóla.

Þegar staðsetning, lóð, liggur fyrir er stefnt að því að verkið út t.d. haustið 2017 sem alverk. Samkvæmt fjármögnunaráætlunum velferðarráðuneytis er verkfrákvæmd dreift á 3 ár frá 2018 til 2020.



Með erindi þessu spyr FSR hvort sveitarfélagið geti úthlutað lóð fyrir meðferðarheimili þetta?

f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Halldóra Vífildóttir, forstjóri

Samrit

Borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson
Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri Garðabæjar, Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Haraldur L. Haraldsson
Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson
Bæjarstjóri Seltjarnarnes, Ásgerður Halldórsdóttir

Afrit

Skipulagsstjórar og -fulltrúar sömu sveitarfélaga
Björn Axelsson skipulagsfulltrúi, Rvk.
Birgir Sigurðsson skipulagsstjóri, Kóp.
Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Garðabæ.
Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi, Hafnarfirði.
Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi, Mosfellsbæ.
Gísli Hermannsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Seltjarnarnesi.